



## UPPBYGGING INNVIÐA – EFTIRFYLGNI 2021

Aðgerðir vegna fárviðris og önnur innviðauppbygging  
Aðgerðalýsingar

Febrúar 2022

© Hugí Ólafsson



## UPPBÝGGING INNVIÐA – EFTIRFYLGNI 2021

### AÐGERÐIR VEGNA FÁRVIÐRIS OG ÖNNUR INNVIÐAUPPBÝGGING AÐGERÐALÝSINGAR

VERKNÚMER:	20007001	DAGS.:	2022-02-08
VERKÞÁTTUR:	09	NR.:	ID 259108
VERKEFNISSTJÓRI:	Dóra Hjálmarsdóttir	YFIRFARIÐ:	VLB
HÖFUNDAR:	Dóra Hjálmarsdóttir, Vigdís Lea Birgisdóttir		
DREIFING:	Átakshópur stjórnvalda, ríkisstjórn, vefsíða verkefnisins		

### Inngangur

Í kjölfar fárviðrisins í desember 2019 gaf átakshópur ríkisstjórnarinnar út aðgerðalýsingar sem kynntar voru í samráðsgátt og á vefnum [www.innvidir2020.is](http://www.innvidir2020.is)

Aðgerðirnar voru flokkaðar í fjóra flokka:

- **Rauðar aðgerðir**, nýjar aðgerðir sem eru bein afleiðing fárviðrisins, annað hvort úrbótaaðgerðir í formi framkvæmda eða í formi skipulags og aukningar á áfallapoli og viðnámsþrótti samfélagsins.
- **Gular aðgerðir**, flýtiaðgerðir í formi framkvæmda sem eru bein afleiðing fárviðrisins.
- **Appelsínugular aðgerðir**, nýjar aðgerðir til styrkingar á innviðum, ótengdar fárviðrinu.
- Ómerktar aðgerðir, sem þegar eru á framkvæmdaáætlunum hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana ríkisins.

Í október til desember 2021 fór fram önnur eftirfylgni innviðaáttaksins. Upplýsingaöflun um framgang og stöðu aðgerða fór fram í október – desember 2021 í því skyni að gefa út stöðulýsingu um áramótin 2021/2022. Fylgt var eftir aðgerðum í fyrstu þremur flokkunum. Ekki fór fram eftirfylgni aðgerða á framkvæmdaáætlunum, nema að litlu leyti, m.a. aðgerðum sem varða raforku- og fjarskiptakerfið, sem og ofanflóðamálefni og neyðarviðbrögð.

Gerð var uppfærsla á ábyrgð og eftirfylgni aðgerða vegna nýs skipulags ráðuneyta. Einnig voru gerðar minniháttar lagfæringar á skráningum eftir því sem þörf var talin á.

Afrakstur eftirfylgni aðgerðanna kemur fram í upplýsingum um framvindu og stöðu í aðgerðatöflum þessarar skýrslu.

Skráning aðgerða á vefinn var einnig uppfærð með samsvarandi upplýsingum og hér koma fram um framvindu og stöðu.

Gögnin eru gefin út í febrúar 2022 á vef stjórnarráðsins.

Í upphafi áttaksins var ákveðið að fylgja aðgerðunum eftir í þrjú ár. Síðasta eftirfylgni mun samkvæmt því fara fram haustið 2022. Margar aðgerðanna lúta að málefnum sem þarfnast áframhaldandi eftirfylgni því er gerð eftirfarandi tillaga: Umræða verði tekin um hvort og hvernig slíkar aðgerðir verða teknar inn í fyrirliggjandi eða fyrirhugaðar aðgerðaáætlanir í stefnum viðkomandi málaflokka og eftir atvikum skráðar á málaskrár viðkomandi ráðuneyta þegar síðustu eftirfylgni lýkur um áramótin 2022/2023. Gerð verður grein fyrir niðurstöðu þeirrar umræðu í tengslum við þá eftirfylgni.

Þessi skýrsla lýsir framgangi og stöðu aðgerða um áramótin 2021/2022. Komi fram ábendingar um leiðréttingar áður en næsta eftirfylgni fer fram er uppfærð útgáfa af skýrslunni sett á vefinn eftir því sem tilefni er til. Skýrslan er ekki merkt sérstöku útgáfunúmeri heldur segir dagsetning hennar til um útgáfuna.



## Um uppsetningu skýrslunnar

Skýrslan er byggð upp á sama hátt og fyrri útgáfur. Í henni er yfirlit yfir þær aðgerðir sem fram koma á vefsíðunni [www.innvidir2020.is](http://www.innvidir2020.is).

Skipting aðgerða er eftir því hvort þær eiga við landið allt eða einstaka landshluta.

Leiðréttingar voru gerðar á ábyrgðar- og eftirfylgniaðilum nokkurra aðgerða, og aðgerðir skráðar á ný ráðuneyti eftir málaflokkum. Lýsing aðgerða var rýnd og lagfærð í nokkrum tilvikum.

## Innviðir og aðgerðir

Flokkun aðgerðanna byggir eins og áður á innviðum landsins eins og þeim er lýst í „Stefnu í almannavarna- og öryggismálum 2015-2017“.

Til skýringar fylgir lýsingin á flokkun aðgerða eftir innviðum í töflunni hér að neðan.

Athygli er vakin á því að félagsþjónusta og menntamál falla undir innviðinn „Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta“.

Vegna nýrrar skipunar ráðuneyta er ljóst að nokkrir innviðaflokkar falla undir fleiri en eitt ráðuneyti, svo sem löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta, og matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.

Einnig er vakin athygli á því að unnið er að skilgreiningu mikilvægra innviða á vegum stjórnvalda<sup>1</sup> og er áætlað að niðurstöður liggi fyrir í árslok 2022. Því geta orðið breytingar á aðkomu ráðuneyta vegna þess.

Innviður	Námar	Skýring
Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi	Fjarskiptakerfi	Margvíslegar aðgerðir er varða fjarskiptakerfi
Fjármálakerfi	Fjármálastofnanir	Aðgerðir er varða varaafli
Heilbrigðisþjónusta	Heilbrigðisstofnanir, Húsnæðis- og mannvirkjamál	Aðgerðir er varða varaafli og viðbrögð heilbrigðiskerfisins, varnir vegna gróðurelda, slökkvistarfi og sjúkraflutninga
Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta <sup>2</sup>	Löggæsla	Aðgerðir er varða varaafli
	Viðbúnaður	Forvarnir ýmis konar í formi búnaðar, skipulags, verkferla og aðgerða aðgerðir ýmissa aðila svo sem almannavarna, sveitarfélaga, Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslu, félagsmála- og menntastofnana (varaafli og stuðningur), ofanflóðamálefni o.fl.
	Neyðarþjónusta	Viðbragðsflokkar og viðbragðsaðgerðir ýmissa aðila
Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi	Matvæla-, fæðu- og neysluvatnskerfi	Aðgerðir er varða varaafli
	Fráveitukerfi	Aðgerðir er varða varaafli fráveitu og fráveituaðgerðir
Orkukerfi	Raforka	Margvíslegar aðgerðir er varða raforkuflutnings- og dreifikerfið, sem og raforkuframleiðslu
	Varmi	Aðgerðir er varða varaafli og öflun varmaorku
	Jarðefnaeldsneyti	Aðgerðir er varða varaafli og viðbrögð við rafmagnsleysi
Samgöngukerfi	Á landi, á sjó og í lofti	Margvíslegar aðgerðir er varða samgöngur
Æðsta stjórn ríkisins	Alþingi, ráðuneyti	Aðgerðir er varða varaafli

<sup>1</sup> Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum útg. 2021

<sup>2</sup> Sumar aðgerðir falla bæði undir viðbúnað og neyðarþjónustu



## Aðgerðatöflur

Eins og áður er hverri aðgerð lýst með texta í ramma þar sem fram koma helstu skýringar. Svartur texti er sá sami og birtist á vefsíðunni, en grár texti er eingöngu í þessu skjali.

Aðgerðir eru eins og áður segir litamerktar:

- **Rauðar aðgerðir** eru nýjar aðgerðir sem eru bein afleiðing fávísingar, annað hvort úrbótaaðgerðir í formi framkvæmda eða í formi skipulags og aukningar á áfallapoli og viðnámsþrotti samfélagsins.
- **Gular aðgerðir** eru flýtiaðgerðir í formi framkvæmda sem eru bein afleiðing fávísingar.
- **Appelsínugular aðgerðir** eru nýjar aðgerðir til styrkingar á innviðum ótengdar fávísinguna.
- Ómerktar aðgerðir eru aðgerðir sem þegar eru á framkvæmdaáætlunum hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana ríkisins.

Til viðbótar við aðgerðatöflurnar hefur verið bætt við tveim línum sem lýsa annars vegar framvindu og hins vegar lýsingu á stöðu við áramótin 2021/2022. Til að lengja ekki skýrsluna um of voru línur sem sýndu framvindu og lýsingu um síðustu áramót felldar niður. Finna má þær upplýsingar í fyrri skýrslu.

<b>Innviður -/ nánar</b>	Hvaða innviði er átt við og hvaða hluta hans.		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	Skammstöfun fyrir landshluta - einkvæmt hlaupandi númer – heiti aðgerðar.		
<b>Lýsing</b>	Stutt lýsing á aðgerð og tengsl við aðrar aðgerðir.		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Aðilar sem bera ábyrgð á framkvæmd aðgerðar (ráðuneyti ábyrgðaraðila).	Aðilar sem bera ábyrgð á eftirfylgni aðgerðar (ráðuneyti eftirfylgniaðila).	Upplýsingar um hvort aðgerð er innan útgjaldaramma eða hvort huga þarf að fjárveitingu.
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	Áætlað framkvæmdatímabil.	Upplýsingar um hvort aðgerð er á áætlun, sé flýtt, sé ný eða lokið.	Hvort aðgerðin sé til skamms tíma (lokið 2020) eða langs tíma (lokið eftir 2020).
<b>Ítargögn</b>	Tilvísun í uppruna aðgerðar, m.a. greinargerðir þeirra aðila sem leitað var til.	Tilvísun í stefnur, lög, þingsályktanir, áætlanir, framkvæmdaáætlanir o.fl.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Stutt nánari lýsing á því hvað aðgerðin felur í sér og tilvísanir í ítargögn.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lýsing á framvindu í samræmi við mælikvarðann hér að neðan		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Lýsing á stöðu aðgerðarinnar		

**Mælikvarði.** Lagður var neðangreindur mælikvarði á framgang aðgerða.

*Ekki hafin, Í undirbúningi, 1-25% lokið, 26-50% lokið, 51-75% lokið, 76-99% lokið, Lokið*

Skýringar:

*Ekki hafin:* Undirbúningur er ekki hafinn

*Í undirbúningi:* Undirbúningur er hafinn, en úrvinnsla ekki formlega komin af stað

*1-25%:* Allt að fjórðungi úrvinnslu lokið

*26-50%:* Allt að helmingi úrvinnslu lokið

*51-75%:* Allt að þremur fjórðu úrvinnslu lokið

*76-99%:* Aðgerð allt að því lokið

*Lokið:* Aðgerð að fullu lokið

Aðrar skýringar:

*Felld niður:* Aðgerð felld niður með skýringu í stöðureitnum

*Í bið:* Aðgerðin er í bið (ekki hafin)

*Ekki fylgt eftir að svo stöddu:* Aðgerðir á framkvæmdaáætlunum sem ekki var fylgt eftir að þessu sinni.



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	i
Efnisyfirlit.....	iv
<b>1 Landið allt.....</b>	<b>1</b>
1.1 Allir innviðir.....	1
1.2 Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi.....	8
1.2.1 Allir þættir.....	8
1.2.2 Fjarskipti.....	15
1.3 Fjármálakerfi.....	20
1.4 Heilbrigðisþjónusta.....	21
1.5 Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta.....	27
1.5.1 Varaafl.....	27
1.5.2 Skipulag almannavarna á landsvísu.....	28
1.5.3 Skipulag almannavarna í héraði.....	33
1.5.4 Fræðsla/upplýsingar til almennings.....	36
1.5.5 Ofanflóðamálefni.....	38
1.5.6 Landhelgisgæsla.....	38
1.5.7 Veðurstofa.....	41
1.6 Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.....	47
1.7 Orkukerfi.....	48
1.7.1 Varaafl.....	48
1.7.2 Raforkuflutningskerfi.....	53
1.7.3 Raforkudreifikerfi.....	56
1.7.4 Raforkuvinnsla.....	59
1.7.5 Jarðefnaeldsneyti.....	60
1.7.6 Hlutverk og samstarf.....	61
1.7.7 Nýting auðlinda og nýsköpun.....	63
1.8 Samgöngukerfi.....	66
1.8.1 Allir þættir.....	66
1.8.2 Á landi.....	68
1.8.3 Á sjó.....	72
1.8.4 Í lofti.....	76
1.9 Æðsta stjórn ríkisins.....	77
<b>2 Vesturland.....</b>	<b>78</b>
2.1 Allir innviðir.....	78
2.2 Fjarskipti, net og upplýsingakerfi.....	78
2.3 Fjármálakerfi.....	80
2.4 Heilbrigðisþjónusta.....	81
2.5 Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta.....	83
2.5.1 Varaafl.....	83
2.5.2 Skipulag almannavarna í héraði.....	84
2.5.3 Ofanflóðamálefni.....	86
2.6 Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.....	86
2.7 Orkukerfi.....	87
2.7.1 Varaafl.....	87
2.7.2 Raforkuflutningskerfi.....	88
2.7.3 Raforkudreifikerfi.....	92
2.8 Samgöngukerfi.....	93
2.8.1 Allir þættir.....	93



2.8.2	Á landi.....	94
2.8.3	Á sjó.....	98
2.8.4	Í lofti.....	100
2.9	Æðsta stjórn ríkisins.....	101
<b>3</b>	<b>Vestfirðir .....</b>	<b>102</b>
3.1	Allir innviðir.....	102
3.2	Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi .....	102
3.3	Fjármálakerfi .....	104
3.4	Heilbrigðisþjónusta.....	105
3.5	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta .....	107
3.5.1	Varafl.....	107
3.5.2	Skipulag almannavarna í héraði .....	108
3.5.3	Ofanflóðamálefni.....	110
3.6	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.....	112
3.7	Orkukerfi .....	113
3.7.1	Varafl.....	113
3.7.2	Raforkuflutningskerfi .....	114
3.7.3	Raforkudreifikerfi .....	120
3.7.4	Raforkuvinnsla.....	121
3.8	Samgöngukerfi .....	122
3.8.1	Allir þættir .....	122
3.8.2	Á landi.....	123
3.8.3	Á sjó .....	126
3.8.4	Í lofti.....	129
3.9	Æðsta stjórn ríkisins.....	131
<b>4</b>	<b>Norðurland vestra .....</b>	<b>132</b>
4.1	Allir innviðir.....	132
4.2	Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi .....	132
4.3	Fjármálakerfi .....	135
4.4	Heilbrigðisþjónusta.....	136
4.5	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta .....	138
4.5.1	Varafl.....	138
4.5.2	Skipulag almannavarna í héraði .....	139
4.6	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.....	141
4.7	Orkukerfi .....	142
4.7.1	Varafl.....	142
4.7.2	Raforkuflutningskerfi .....	142
4.7.3	Raforkudreifikerfi .....	146
4.8	Samgöngukerfi .....	148
4.8.1	Allir þættir .....	148
4.8.2	Á landi.....	150
4.8.3	Á sjó .....	151
4.9	Æðsta stjórn ríkisins.....	155
<b>5</b>	<b>Norðurland eystra .....</b>	<b>156</b>
5.1	Allir innviðir.....	156
5.2	Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi .....	156
5.3	Fjármálakerfi .....	159
5.4	Heilbrigðisþjónusta.....	159
5.5	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta .....	161
5.5.1	Varafl.....	161
5.5.2	Skipulag almannavarna í héraði .....	163



5.5.3	Ofanflóðamálefni.....	164
5.6	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.....	165
5.7	Orkukerfi.....	166
5.7.1	Varaafli.....	166
5.7.2	Raforkuflutningskerfi.....	167
5.7.3	Raforkudreifikerfi.....	171
5.8	Samgöngukerfi.....	176
5.8.1	Allir þættir.....	176
5.8.2	Á landi.....	177
5.8.3	Á sjó.....	180
5.8.4	Í lofti.....	185
5.9	Æðsta stjórn ríkisins.....	187
<b>6</b>	<b>Austurland.....</b>	<b>188</b>
6.1	Allir innviðir.....	188
6.2	Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi.....	188
6.3	Fjármálakerfi.....	191
6.4	Heilbrigðisþjónusta.....	191
6.5	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta.....	194
6.5.1	Varaafli.....	194
6.5.2	Skipulag almannavarna í héraði.....	196
6.5.3	Ofanflóðamálefni.....	198
6.6	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.....	199
6.7	Orkukerfi.....	200
6.7.1	Varaafli.....	200
6.7.2	Raforkuflutningskerfi.....	201
6.7.3	Raforkudreifikerfi.....	203
6.8	Samgöngukerfi.....	205
6.8.1	Allir þættir.....	205
6.8.2	Á landi.....	206
6.8.3	Á sjó.....	208
6.8.4	Í lofti.....	211
6.9	Æðsta stjórn ríkisins.....	212
<b>7</b>	<b>Suðurland.....</b>	<b>213</b>
7.1	Allir innviðir.....	213
7.2	Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi.....	213
7.3	Fjármálakerfi.....	216
7.4	Heilbrigðisþjónusta.....	216
7.5	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta.....	218
7.5.1	Varaafli.....	218
7.5.2	Skipulag almannavarna í héraði.....	220
7.6	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.....	221
7.7	Orkukerfi.....	223
7.7.1	Varaafli.....	223
7.7.2	Raforkuflutningskerfi.....	223
7.7.3	Raforkudreifikerfi.....	226
7.8	Samgöngukerfi.....	227
7.8.1	Allir þættir.....	227
7.8.2	Á landi.....	228
7.8.3	Á sjó.....	231
7.8.4	Í lofti.....	234
7.9	Æðsta stjórn ríkisins.....	235



<b>8</b>	<b>Suðurnes</b> .....	<b>236</b>
8.1	Allir innviðir .....	236
8.2	Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi .....	236
8.3	Fjármálakerfi .....	238
8.4	Heilbrigðisþjónusta .....	239
8.5	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta .....	241
8.5.1	Varaafli .....	241
8.5.2	Skipulag almannavarna í héraði .....	242
8.6	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi .....	244
8.7	Orkukerfi .....	245
8.7.1	Varaafli .....	245
8.7.2	Raforkuflutningskerfi .....	246
8.7.3	Raforkudreifikerfi .....	247
8.7.4	Varmi .....	247
8.8	Samgöngukerfi .....	248
8.8.1	Allir þættir .....	248
8.8.2	Á landi .....	249
8.8.3	Á sjó .....	251
8.8.4	Í lofti .....	253
8.9	Æðsta stjórn ríkisins .....	254
<b>9</b>	<b>Höfuðborgarsvæðið</b> .....	<b>255</b>
9.1	Allir innviðir .....	255
9.2	Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi .....	255
9.3	Fjármálakerfi .....	257
9.4	Heilbrigðisþjónusta .....	257
9.5	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta .....	260
9.5.1	Varaafli .....	260
9.5.2	Skipulag almannavarna í héraði .....	261
9.6	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi .....	263
9.7	Orkukerfi .....	264
9.7.1	Varaafli .....	264
9.7.2	Raforkuflutningskerfi .....	264
9.7.3	Raforkudreifikerfi .....	268
9.7.4	Varmi .....	269
9.8	Samgöngukerfi .....	269
9.8.1	Allir þættir .....	269
9.8.2	Á landi .....	271
9.8.3	Á sjó .....	273
9.8.4	Í lofti .....	274
9.9	Æðsta stjórn ríkisins .....	275





# 1 Landið allt

## 1.1 Allir innviðir

Innviður -/ nánar	Allir innviðir – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-001 – Áhættumat		
Lýsing	Yfirferð og samræming áhættumats innviða		
Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð	2020-2021	Nýtt	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.1	Í samræmi við áherslur er fram koma í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.	
Skýring - tillaga - staða	Á tímabilinu 2018-2020 hefur, á vegum þjóðaröryggisráðs, verið unnið að undirbúningi á mati þjóðaröryggisráðs um ástand og horfur í þjóðaröryggismálum. Sú vinna hefur m.a. tekið til skoðunar á mikilvægum innviðum samfélagsins auk annarra þátta sem þjóðaröryggisstefnan tekur til. Var kallað eftir hátt í 30 áhættumatsskýrslum innan stjórnkerfisins og veitt leiðsögn um samræmda framsetningu sem síðan yrði notast við í skýrslu stýrihópsins. Greiningaraðilar fóru engu að síður nokkuð ólíkar leiðir hvað varðar uppbyggingu og efnistöð var ekki unnt að styðjast við staðlað mat. Stýrihópur á vegum þjóðaröryggisráðs hefur skilað til þjóðaröryggisráðs tillögu að mati á ástand og horfum í þjóðaröryggismálum þar sem m.a. er lagt til að gerð verði heildstæð áhættugreining á áfallaþoli mikilvægra innviða. Tillaga átakshóps LAN-001: Forsætisráðuneytið annist yfirferð og samræmingu áhættumats innviða. Aðgerðin tengist LAN-025 á vegum dómsmálaráðuneytis um mat á áfallaþoli íslensks samfélags. Sjá einnig LAN-008.		
Framvinda við áramót 2021/2022	51-75%		
Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022	Komin er út ný stefna í almannavarna- og öryggismálum. Í þeirri stefnu er ríkislögreglustjóra falið að leiða gerð samræmds áhættumats á mikilvægum/ómissandi innviðum skv. viðurkenndum aðferðum í samvinnu við ráðuneyti og stofnanir þeirra, sveitarfélög og stofnanir þeirra, lögreglustjóra og fyrirtæki sem reka mikilvæga/ómissandi innviði á sviði orku, vatnsveitu, fjarskipta og samgangna. Þessi vinna er komin vel á veg. Tengist verkefnum LAN-025 um mat á áfallaþoli og uppfærslu áhættuskoðunar sem og LAN-008 um hlutverk ráðuneyta og samhæfingu viðbragða í vá.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-002 – Hlutverk stofnana í vá		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð á hlutverki stofnana ríkisins í vá. Sjá einnig LAN-015, LAN-048 (Orkustofnun og Fjarskiptastofa)		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Öll ráðuneyti (Forsætisráðuneytið)	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.1	Í samræmi við áherslur er fram koma í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Fram kom að þörf væri á að yfirfara hlutverk stofnana ríkisins í vá og samræma viðbragðsáætlanir. Um er að ræða stofnanir sem hafa eftirlitshlutverk með innviðum, en hafa fram að þessu ekki farið með skilgreint hlutverk gagnvart viðbrögðum við vá. Lögð hafa verið til verkefni sem lúta að Orkustofnunar (LAN-048) og Fjarskiptastofu, áður Póst- og fjarskiptastofa (LAN-016). Vegna samræmingar er lagt til að metið verði í samráði við viðeigandi ráðuneyti hvort ástæða sé til að stofnuð séu samsvarandi verkefni gagnvart yfirferð á hlutverki fleiri stofnana í vá svo sem: - Samgöngustofu - SRN - Matvælastofnun - MAR- Umhverfisstofnun - UAR (nú URN)- Skipulagsstofnun - SRN (nú IRN)- Útlendingastofnun - DMR- Aðrar stofnanir.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	26-50%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Forsætisráðuneytið hefur haft samband við ráðuneyti og vakið athygli á aðgerðinni vegna hlutverka þeirra stofnana sem undir þau heyra vegna viðbragða í vá. Óskað hefur verið eftir að ráðuneytin upplýsi úttektaraðila um hvort ástæða sé til aðgerða eða ekki.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-003 – Mönnun stofnana		
<b>Lýsing</b>	Viðbótar mönnun stofnana til að þær geti sinnt skyldu sinni: 3.1 Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála LAN-006 (umhverfis- og auðlindaráðuneytið (nú URN)) 3.2 Skipulagsstofnun LAN-107 (umhverfis- og auðlindaráðuneytið (nú URN)) 3.3 Orkustofnun LAN-048 (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (nú URN)) 3.4 Veðurstofa LAN-039 (umhverfis- og auðlindaráðuneytið (nú URN)) 3.5 Almannavarnir almannavarnardeild LAN-025 (dómsmálaráðuneytið) 3.6 Póst og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) LAN-019 (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (nú HNR)) 3.7 Landhelgisgæslan LAN-041 (dómsmálaráðuneytið)		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu, sjá viðkomandi aðgerðir
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma og svo samfellt
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafla 1.5, Veðurstofa, öll landshlutasamtök	Í samræmi við áherslur er fram koma í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Verkefni eru til úrlausnar í viðkomandi ráðuneytum. Forsætisráðuneyti hafi yfirsýn yfir hvaða ákvarðanir eru teknar.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Forsætisráðuneytið hélt sameiginlega fundi með öllum viðkomandi ráðuneytum til undirbúnings beiðni um fjárstuðning vegna þeirrar viðbótarmönnunar sem aðgerðarlýsingin kvað á um og fylgdi þeim fjárveitingarbeiðnum eftir. Fjárveiting vegna mönnunar stofnana fékkst í fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2020 og búið er að samþykka fjármálaáætlun og sérstakt fjárfestingaráttak vegna mönnunar stofnana 2021-2023.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-004 – Opinber eftirfylgni úrbóta		
<b>Lýsing</b>	Ferli eftirfylgni tillagna stofnana, fyrirtækja og sérfræðinga		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Innan útgjaldaramma / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2023	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.1, landshlutasamtök FV, SASS.	Skv. lögum um Stjórnarráð Íslands fer forsætisráðherra með samhæfingar og verkstjórnarvald.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Fram kom að ekki væri fyrir hendi formlegt ferli fyrir úrbótatillögur sem unnar eru af ýmsum starfshópum og koma fram í skýrslum og úttektum. Þörf væri á slíku ferli þannig að slík vinna nýttist til úrbóta og að tillögur yrðu afgreiddar með formlegum hætti.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Hvert ráðuneyti fyrir sig heldur utan um úrbótatillögur og ber ábyrgð á að koma þeim í framkvæmd. Í mörgum tilfellum kemur forsætisráðuneytið að því þegar samræma þarf aðgerðir ráðuneyta. Þetta verkefni (Uppbygging innviða) er dæmi um það og felst ferlið í því að unnar eru eftirfylgniskýrslur sem halda utan um úrbótatillögur og ýta á eftir að þeim sé hrint í framkvæmd. Ekki er talin ástæða til að hlutast til um samræmt ferli.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-005 – Samræming stefnumótunar		
<b>Lýsing</b>	Tengja saman og samræma stefnumótun ýmissa málaflokka.		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Forsætisráðuneytið, öll ráðuneyti (Forsætisráðuneytið)	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.1, SASS.	Skv. lögum um Stjórnarráð Íslands fer forsætisráðherra með samhæfingar og verkstjórnarvald.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Fram kom að ferli stefnumótunar í málefnum innviða er mismunandi eftir ráðuneytum, þörf væri á samræmingu.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Stefnumótun í málefnum innviða er samfelld viðfangsefni á vettvangi Stjórnarráðsins og er því í stöðugri vinnslu.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-006 – Skipulag - mönnun		
<b>Lýsing</b>	Nauðsynlegt að tryggja varanlega mönnun úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála til að halda lögbundna fresti		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma og svo samfelld
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.1	Sjá LAN-003	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Úrskurðarnefnd um auðlindamál hefur verið mönnuð til skamms tíma en taka þarf ákvörðun um varanlega mönnun til að tryggja að nefndin geti sinnt hlutverki sínu.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið fyrir áramót 2020/2021		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>			

<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-008 – Yfirferð á hlutverki ráðuneyta í vá og samhæfing viðbragða		
<b>Lýsing</b>	Skilgreining á hlutverki og samhæfing viðbragðsáætlana og viðbragða		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Forsætisráðuneytið, öll ráðuneyti (Forsætisráðuneytið)	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/Minnisblöð: Kafli 1.1 í greinargerð.	Í samræmi við áherslur er fram koma í stefnu í almannavarna- og öryggismálum; lög nr. 98/2016 um þjóðaröryggisráð, lög nr.82/2008 um almannavarnir.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Fram kom að ekki er fyrir hendi skýr skilgreining á hlutverkum ráðuneytanna eða starfsreglur vegna viðbragða við vá (tengist LAN-001).		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Hlutverk ráðuneyta er skilgreint í hlutaðeigandi viðbragðsáætlun og í aðkomu ráðuneyta að almannavarna- og öryggismálaráði, sem og þjóðaröryggisráði. Fyrir liggja drög að viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins, sem og ýmsar viðbragðsáætlanir almannavarna, en þar eru skilgreind hlutverk ráðuneyta og stofnana eftir því sem við á. Vegna tengsla aðgerða er fylgst með framvindu aðgerðar LAN-002 um hlutverk stofnana í vá. Ríkislögreglustjóri, í samvinnu við ráðuneyti og stofnanir þeirra, sveitarfélög og stofnanir þeirra, lögreglustjóra sem og fyrirtæki sem reka mikilvæga innviði á sviði orku, vatnsveitu, fjarskipta og samgangna styður við gerð viðbragðsáætlana. Hann endurskoðar innihald og framsetningu viðbragðsáætlana almannavarna. Forgangsröðun við gerð viðbragðsáætlana skal fara eftir áhættumati (LAN-001, LAN-025) sem leitt er af ríkislögreglustjóra.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-092 – Landupplýsingakerfi		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð vegna uppbyggingar landupplýsingakerfis til nýtingar fyrir viðbrögð í vá, skilgreiningu og söfnun grunngagna		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Yfirferð innan tekjuramma / uppbygging kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: Kafli 1.1 í greinargerð, ábending Landmælinga Íslands.	Í samræmi við áherslur er fram koma í stefnu almannavarna- og öryggismálum.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Með góðum landupplýsingum á með auðveldum hætti að vera hægt að gera greiningar á gögnum m.a. til að meta aðstæður hvort heldur er fyrirbyggjandi eða eftir. Mikilvægt er að skilgreind verði hver eru grunngögn þjóðarinnar sem hægt verður að leita í þegar mikið liggur við. Skortur á samræmdum grunngögnum er mikill og ekki síður aðgengi að þeim gögnum sem til eru. Gera þarf átak í öflun landfræðilegra upplýsinga og styrkja þannig innviði okkar til að hægt verði að hafa yfirlit yfir stöðuna þegar og ef annað slíkt óveður skellur á okkur (sjá ábendingu Landmælinga).		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	1-25%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Yfirferð vegna uppbyggingar landupplýsingakerfis til nýtingar fyrir viðbrögð í vá, skilgreiningu og söfnun grunngagna er hafin á vegum ráðuneytisins.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-107 – Skipulag - mönnun		
<b>Lýsing</b>	Nauðsynlegt að tryggja varanlega mönnun Skipulagsstofnunar til að halda lögbundna fresti í tengslum við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Innviðaráðuneytið (Innviðaráðuneytið)	Innviðaráðuneytið (Innviðaráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu / Sérstakt fjárfestingarátak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: Kafli 1.1 í greinargerð.	Sjá LAN-003	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Skipulagsstofnun er undirmönnuð og getur ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu og haldið lögbundna fresti við þessar aðstæður. Mikilvægt er að tryggja varanlega mönnun.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið fyrir áramót 2020/2021		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>			



<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-110 – Opinberar áfallatryggingar		
<b>Lýsing</b>	Yfirfara skilgreiningar á því hvað fellur undir opinberar áfallatryggingar - Bjargráðasjóður		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: Átakshópur kafli 1.1, landshlutasamtök SSNV.	Í samræmi við lög nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Yfirfara skilgreiningar og skýra hvernig tjón vegna afurðamissis á kúabúum, gripatjón og tjón á girðingum verði bætt.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið fyrir áramót 2020/2021		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>			

<b>Innviður -/ nánar</b>	Allir innviðir – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-131 – Skipulag-mönnun		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð á varanlegri mönnun þjónustustofnana/-fyrirtækja á landsbyggðinni, t.d. Vegagerðar og RARIK		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Forsætisráðuneytið (Forsætisráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2022	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: Kafli 1.1 í greinargerð, öll landshlutasamtök.	Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Mönnun þjónustustofnana/-fyrirtækja á landsbyggðinni verði yfirfarin til að tryggja að þær/þau nái að sinna hlutverkum sínum. Þetta innifelur bæði mannafla og staðsetningu starfsstöðva og starfsmanna. Yfirferðin er í samræmi við stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033, nánar tiltekið aðgerð 11 í aðgerðaáætlun sem fjallar um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	1-25%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Forsætisráðuneytið hefur vakið athygli á þessari aðgerð og nauðsyn hennar við fjármála- og efnahagsráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (nú HNR og SRN) og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (nú URN).		



## 1.2 Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi

### 1.2.1 Allir þættir

Innviður -/ nánar	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-010 – Grunnnet fjarskipta - Kortlagning og uppbyggingarþörf		
Lýsing	Umfjöllun um landskerfi fjarskipta		
Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð	2020-2023	Nýtt	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2, Fjarskiptastofa	Í Stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að nýta eignartekjur ríkisins í innviðaupbyggingu, þ.á.m. í fjarskiptum.	
Skýring - tillaga - staða	Áhersla verði lögð á verkefni fjarskiptaáætlunar sem snúa m.a. að kortlagningu fjarskiptainnviða, þ.m.t. greining á helstu fjarskiptainnviðum í opinberri eigu. Í framhaldinu verði lagt mat á þörf fyrir uppbyggingu fjarskiptainnviða á næstu árum með áherslu á öryggissjónarmið og þörf á varaafli. Í því samhengi verði mótaðar sviðsmyndir um uppbyggingu fjarskiptainnviða á næstu árum í samræmi við ábendingar FST, frá 18. febrúar 2020. Mikilvægt er jafnframt að huga að endurnýjun ljósleiðarahringsins, m.a. m.t.t. uppbyggingu á 5G. Hafa þarf hliðsjón af m.a. Evrópuregluverkið.		
Framvinda við áramót 2021/2022	51-75%		
Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022	Aðgerðin hefur þokast í rétta átt á árinu. Framlagning nýrrar fjarskiptaáætlunar er áformuð haustið 2022 og er vinnu við drög að þeirri stefnu (hvítbók) ekki lokið. Samhliða eru stór mál í gangi er varða m.a. fyrirhugaða langtímaráðstöfun Fjarskiptastofu á tíðniheimildum fyrir farnet sem og eignarhald bæði einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja á fjarskiptainnviðamarkaði, sem geta haft umtalsverð áhrif á hversu mikið og hratt markaðsaðilar hyggjast fjárfesta í fjarskiptainnviðum næstu misseri og ár hefur þ.a.l. mikið að segja um hvers konar markaðsbrest sem af hlýst og stjórnvöld kunna að vilja láta sig varða. Óvissa í þessum efnum hefur áhrif á það hvenær forsendur greining valkosta liggja fyrir.		





Innviður -/ nánar	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-012 – Varaafli-Skipulag		
Lýsing	Yfirferð á stöðu og skipulagi mikilvægra fjarskiptastaða, úrbætur sjá VEL-01, VEF-01, NOV-02, NOE-02, AUS-02, SUL-01, SUN-02; HÖF-02		
Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun	Fjarskiptastofa (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu úr fjarskiptasjóði / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.2, Neyðarlínan, Fjarskiptastofa	Í samræmi við áherslur í þingsályktun um fjarskiptaáætlun 2019-2033	
Skýring - tillaga - staða	Hluti fjarskiptastaða á landinu varð óvirkur vegna þess að rafmagnsleysið varði lengur en varaflíð þoldi eða vegna skorts á varaafli. Neyðarlína hefur í samvinnu við fjarskiptafélögin farið yfir mikilvæga fjarskiptastaði sem urðu fyrir fjarskiptarofi og gert áætlun til uppbyggingar og úrbóta á Norðvesturlandi, Norðausturlandi, Austurlandi og Vestfjörðum. Neyðarlína hyggst hafa forgöngu um framkvæmd. Mikilvægt er að skilgreina hvað eru mikilvægir fjarskiptastaðir og yfirfara stöðuna í framhaldi af því og uppfæra framkvæmdaáætlun. Sjá greinargerð Fjarskiptastofu, liður J. Huga þarf að því að fjármögnun brjóti ekki í bága við samkeppnislög, haft verði samráð við Fjarskiptastofa. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (nú HNR)/Fjarskiptastofa í samvinnu við dómsmálaráðuneyti hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Fjarskiptastofu yfir varaafli í fjarskiptakerfi og stöðu fjarskiptainnviða.		
Framvinda við áramót 2021/2022	Lokið		
Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022	Á árinu lauk landsátaki Neyðarlínunnar í uppfærslu varaafils tiltekinna fjarskiptastaða víða um land, þ.m.t. á NV-landi, í samstarfi við farsímafélögin með fjárstuðningi frá Fjarskiptasjóði á grundvelli fjárfestingaráttaks ríkisstjórnarinnar sem hófst 2020. Það verkefni eru vissst skref í átt að formlegri flokkun fjarskiptastaða m.a. m.t.t. öryggis og áreiðanleika. Í nýrri áhættumatsskýrslu Fjarskiptastofu sem byggir á eigin áhættumati helstu fjarskiptainnviðafyrirtækja landsins er „mikilvægi“ fjarskiptastaða metið út frá tilteknum mælikvörðum. Skýrslan er stórt skref í skilgreiningu á mikilvægi fjarskiptainnviða. Í dag eru almenn fjarskiptanet rekin af markaðsaðilum. Í 47. grein fjarskiptalaga er lögð sú skylda á fjarskiptafyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu og reka almennt fjarskiptanet að gera áhættumat og velja viðeigandi ráðstafanir á grundvelli þess til að auka rekstraröryggi neta sinna. Ekki er kveðið á um í fjarskiptalögum hvernig varaafli fjarskiptainnviða skuli háttað. Það er því ákvörðun markaðsaðila hvort og hversu mikið varaafli er tiltækt í fjarskiptainnviðum þeirra.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-015 – Grunnnet fjarskipta - þjóðhagslegt mikilvægi		
<b>Lýsing</b>	Stefnumótun um þjóðhagslegt mikilvægi fjarskiptakerfisins - Landskerfi fjarskipta		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Fjármála- og efnahagsráðuneytið (Fjármála- og efnahagsráðuneytið)	Fjármála- og efnahagsráðuneytið (Fjármála- og efnahagsráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2023	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2, Fjarskiptastofa.	Í samræmi við stefnu í almannavarna- og öryggismálum.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	"Fram fari greining og stefnumótunarvinna um kerfi eins og TETRA/öryggisfjarskiptakerfi, kerfi Isavia, vaktstöð siglinga, fjarskiptakerfi raforku, dreifikerfi RUV, hugsanlega hluti farneta og e.t.v. fleiri. Ákveðið verði hvort efla beri heimildir til eftirlits með virkni og viðbúnaði slíkra kerfa og hvort heimilt verði að setja lágmarkskröfur um virkni þeirra. Fram fari kortlagning á samspili PMF og almennra fjarskiptakerfa og metið hvort setja eigi sérstakt regluverk umbúnað slíkra kerfa og þær kröfur sem gera má til slíks búnaðar, m.a. vegna öryggis og þar með talið vegna þjóðaröryggis." Sjá greinargerð Fjarskiptastofu, liður F. Varaafspörf þessara aðila er metin í öðrum aðgerðum sjá LAN-012, LAN-040, LAN-103, LAN-087, LAN-89. Skoða mætti jafnframt sérstakar kröfur til aðila eins og Farice varðandi öryggi fjarskipta sæstrengja, t.d. landtökustöðva. Verkefnið verði unnið í samvinnu aðila á vegum dómsmálaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis m.a. öryggisfjarskiptaráðs, Neyðarlínu, Fjarskiptastofu, fjarskiptaráðs.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	26-50%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Á árinu 2021 urðu umtalsverðar breytingar á eignarhaldi innviða tveggja af stærstu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Gjá er á milli almennrar og vaxandi kröfu í samfélaginu um aðgengi, áreiðanleika og öryggis í fjarskiptum annars vegar og lagaskyldna og viðskiptaforsendna markaðsaðila hins vegar til að brúa þá gjá. Fyrir liggur stöðugreining og tillögur í formi vinnugagna um aukna samvinnu eða sameiningu fjarskiptainnviðafyrirtækja í opinberri eigu. Tækniþróun veitir möguleika á samnýtingu eins landsdekkandi farnetskerfis fyrir opinbera fjarskiptaþjónustu sem í dag er veitt um a.m.k. þrjú landsdekkandi radiókerfi í opinberri eigu. Tímabært er fyrir stjórnvöld að endurskilgreina óbeina og beina aðkomu að fjarskiptainnviðum og fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. grunnneti fjarskipta, til skemmri og lengri tíma með hliðsjón ekki síst af ofangreindu. Stöðutaka var gerð af SRN, en aðgerðin er á forræði FJR.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-017 – Hlutverk FST og núverandi lagavinna		
<b>Lýsing</b>	Athugun á hvað er unnt að taka inn í núverandi lagavinnu af skilgreiningu á hlutverki Fjarskiptastofu í v.á sjá LAN-016		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Fjarskiptastofa (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2, Fjarskiptastofa	Fjarskiptaáætlun 2019-2023 kveður m.a. á um að greining fari fram á helstu fjarskiptainnviðum í opinberri eigu einkum með tilliti til öryggis og samkeppnisþjónarmiða eftir atvikum	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Veturinn 2020 liggur fyrir frumvarp að fjarskiptalögum og verður skoðað hvaða þætti í LAN-016 verður unnt að taka inn í þá vinnu. Sjá greinargerð Fjarskiptastofur, liður C.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Frumvarpið varð að lögum á árinu, þ.m.t. umrædd 8. gr.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-019 – Skipulag - mönnun		
<b>Lýsing</b>	Athugun á fjölgun stöðugilda hjá Fjarskiptastofu vegna aukinna verkefna (í kjölfar LAN-016)		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2, Fjarskiptastofa	Sjá LAN-003 Allir innviðir. Í samræmi við lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Verði niðurstaða LAN-016 sú að Fjarskiptastofa taki að sér aukin verkefni á sviði neyðarviðbragða er þörf á aukinni mönnun til að sinna því verkefni. Sjá greinargerð Fjarskiptastofu, liður C.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Í mati á áhrifum í tengslum við undirbúning og þinglega meðferð frumvarps um Fjarskiptastofu á árinu, lagði ráðuneytið upp með að frumvarpið kallaði ekki á auknar fjárheimildir til stofnunarinnar. Þróun málsins er hins vegar með þeim hætti að ekki er útilokað að Fjarskiptastofa þurfi nauðsynlega auknar fjárheimildir vegna verkefna þessu tengt, þá einkum vegna annarra og nýrra verkefna en þeirra sem grundvallast á 8. gr. laga um Fjarskiptastofu. Af þessum sökum telst aðgerð ekki endanlega lokið.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-040 – RÚV-sendistaðir stoðveita		
<b>Lýsing</b>	Greining á þörf endurbóta stoðveitu sendistaða. Sjá eftirfylgni: VEL-39, VEF-50, NOV-50, NOE-46, AUS-45, SUL-41, SUN-32, HÖF-31		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	RÚV, Neyðarlínan (Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Dómsmálaráðuneytið)	Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Menningar- og viðskiptaráðuneytið)	Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2, RÚV, Neyðarlínan, Fjarskiptastofa.	Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Í lögum um Ríkisútvarpið kveður á um að Ríkisútvarpið skuli í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Fram kom að ýmsir FM sendistaðir urðu óvirkir vegna raforkuskorts. Að hluta eru þessir sendistaðir tengdir varaafli í samvinnu við Neyðarlínuna, sjá LAN-012. Fara yfir þá staði sem ekki eru sameiginlegir með Neyðarlínunni (LAN-012) þar sem stoðveita þarfnast úrbóta. SRN (nú HNR)/Fjarskiptastofa hafi eftirfylgni með verkefninu í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti (nú Menningar- og viðskiptaráðuneyti) vegna yfirsýnar Fjarskiptastofu yfir varaafli í fjarskiptakerfi. Fjarskiptastofa, liðir I.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið fyrir áramót 2020/2021		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>			

<b>Innviður -/ nánar</b>	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-111 – Varaafli-skipulag		
<b>Lýsing</b>	Greining og yfirsýn yfir stöðu varaafli í fjarskiptum, sjá LAN-105, 043, 099, 103, 087, 098, 088, 069, 089, 083		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Fjarskiptastofa (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2	Drög að orkustefnu horfa m.a. til orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Varaafli mikilvægra fjarskiptastaða þar sem fjarskiptarof varð í fávíðrinu var greint af mismunandi aðilum svo sem Neyðarlínu og fjarskiptafélögum LAN-012. Fjarskiptastofa greini og haldi yfirsýn yfir skipulag varaafli og skilgreiningu á mikilvægum fjarskiptastöðum. Neyðarlína miðli upplýsingum til Fjarskiptastofu. Fjarskiptastofa heldur yfirsýn yfir fjarskiptakerfið í heild LAN-018. Fjarskiptastofa upplýsi Orkustofnun um stöðu varaafli í fjarskiptakerfinu, en Orkustofnun hefur heildaryfirsýn yfir varaafli innviða á landinu (sjá LAN-105).		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Vinnu Fjarskiptastofu við almennt áhættumat fjarskiptakerfa landsins er lokið. Gögn verða færð í gagnagrunn fjarskiptainnviða þegar greining Neyðarlínu á mikilvægum fjarskiptastöðum liggur fyrir.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-115 – Ísland ljóstengt		
<b>Lýsing</b>	Lokaúthlutun í landsátaki ríkisstjórnarinnar - Ísland ljóstengt, sjá VEL-55, VEF-64, NOV-63, NOE-81, AUS-61, SUL-56, SUN-46, HÖF-46		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Fjarskiptasjóður (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu / Fjarskiptasjóður
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2021-2021	Á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2	Í samræmi við stjórnarsáttmála og þingsályktun um fimm ára fjarskiptaáætlun 2019-2023.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Stjórnvöld hafa upplýst að lokaúthlutun fjármuna vegna landsátaksins Ísland ljóstengt eigi eftir að fara fram, en til þess þarf sjóðurinn viðbótar fjármagn. Framgangur verkefnisins er víða ein af lykilforsendum eflingar tenginga við fjarskiptastaði og orkumannvirki um land allt. Miðað við áætlað umfang verkefna sem sótt verður um í lokaúthlutun lítur ekki út fyrir að óráðstafaðar fjárveitingar sjóðsins dugi til að stjórnvöld teljist hafa lokið sínum hluta fjármögnunar átaksins með viðunandi hætti. Verði hluta eða öllum óráðstöfuðum fjárveitingum fjarskiptasjóðs 2020 ráðstafað til annarra mikilvægra verkefna, s.s. til eflingar fjarskiptastaða, varaafis o.þ.h., þá eykst fjárþörf sjóðsins jafnframt sem því nemur gagnvart lokaúthlutun Ísland ljóstengt. Hafa ætti í huga að ljósleiðarakerfi getur verið mikilvægur hlekkur til að tryggja öryggi fjarskipta. Í því tilviki þarf að tryggja varaafli bæði í hnútapunktum netanna og hjá notanda.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Lokaúthlutun Fjarskiptasjóðs og SRN (nú HNR) á grundvelli verkefnisins fór fram á árinu. Samningar náðust vegna allra tilgreindra styrkhæfra staða í umsóknum sveitarfélaga sem sendu inn umsókn. Gert er ráð fyrir að allri uppbyggingu á grundvelli verkefnisins ljúki fyrir árslok 2022.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Fjarskipti, net og upplýsingakerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-116 – Hagnýting NATO-ljósleiðarabráða		
<b>Lýsing</b>	Skoðun á frekari hagnýtingu ljósleiðarabráða Atlantshafsbandalagsins		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Utanríkisráðuneytið (Utanríkisráðuneytið)	Utanríkisráðuneytið (Utanríkisráðuneytið)	Fjárförf óljós
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2021-2022	Á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.2	Þjóðréttarlegar skuldbindingar um rekstur ljósleiðarabráða Atlantshafsbandalagsins, öryggismál, samningur við Mílu um rekstur kerfisins og samningur við Vodafone um leigu á þræði.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Þrjár af átta þráðum ljósleiðarans tilheyra Atlantshafsbandalaginu. Einn af þessum þremur þráðunum, varaþráðurinn er leigður til Sýnar (Vodafone), en hinum tveimur verður ekki ráðstafað á annan hátt nema með samþykki bandalagsins, sbr. auglýsingu nr. 60 dags. 10 janúar 2017 um mannvirki og fjarskiptakerfi Atlantshafsbandalagsins sem nýtt eru í öryggis- og varnartengd verkefni og utanríkisráðherra ber ábyrgð á. Gagnaflutningur og samskipti á hæsta trúnaðarstigi gerir kröfu um að minnsta kosti einn þráður sé til reiðu og annar til vara á hverjum tíma. Grundvöllur er fyrir tæknilegri úttekt á hugsanlegri leigu á einum þræði til viðbótar, en sú úttekt þarf að fara fram í nánú samstarfi við Atlantshafsbandalagið með tilliti til rekstraröryggis og annarra öryggiskrafa. Búast má við því að slík úttekt geti tekið langan tíma.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Vinna hefur tafist vegna COVID-19 og annarra verkefna en mun verða unnið samhliða LAN-025, heildarmati á áfallapoli íslensks samfélags. Stefnt er að því að hefja og ljúka verkefni sem fyrst, eigi síðar en haustið 2022. Rétt þykir að taka fram tengsl þessa verkefnis við verkefni Forsætisráðuneytisins úr stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum. Í lið 5 um nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum. Þar segir að Forsætisráðuneytið leiði starfshóp allra ráðuneyta sem kalli til sín aðila sem koma að nefndu verkefni og gerð viðbragðsáætlunar um söfnun upplýsinga um birgðastöðu á hverjum tíma, leiðir til að bregðast við ósættanlegri birgðastöðu mikilvægra þátta og skömmtun og stýringu á úthlutun mikilvægra birgða.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Allir innviðir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-119 – Almannavarnir - skipulag		
<b>Lýsing</b>	Stefnumörkun til þriggja ára í almannavarna- og öryggismálum		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Ríkislögreglustjóri (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2019-2020	Í vinnslu	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5.	Í samræmi við lög um almannavarnir.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Almannavarna- og öryggismálaráð markar stefnu sem tekur við af fyrri stefnu í almannavarna- og öryggismálum 2015-2017.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum kom út í mars 2021. Í stefnunni er gerð grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum á Íslandi og fjallað um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnarstarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem almannavarna- og öryggismálaráð telur nauðsynlegar til þess að markmið almannavarnalaga náist.		





### 1.5.3 Skipulag almannavarna í héraði

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður og neyðarþjónusta		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-023 – Aðstaða aðgerðastjórna í héraði		
<b>Lýsing</b>	Skilgreina lágmarks aðstöðu aðgerðastjórna, yfirfara stöðu og gera úrbætur eftir þörfum. Sjá VEL-26, VEF-32, NOV-34, NOE-45, AUS-31, SUL-26, SUN-20, HÖF-25		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, landshlutasamtök SSSNV, Ríkislögreglustjóri/Almannavarnardeild.	Í samræmi við ákvæði um hlutverk almannavarna í vernd almennings og samfélagsinnviða í Löggæsluáætlun 2019-2023.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Aðstaða aðgerðastjórna er mjög mismunandi eftir landshlutum. Settur verður saman hópur með tengiliðum úr öllum umdæmum sem m.a. mun skilgreina lágmarksaðstöðu til að aðgerðastjórn geti sinnt hlutverki sínu, gera tillögur um úrbætur og fylgja þeim eftir.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	51-75%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	<p>Í mars 2021, á sama tíma og stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum var kynnt, var Hermann Karlsson aðalvarðstjóri hjá embætti LNE ráðinn í tímabundið 50% starf sem verkefnisstjóri. Á vordögum 2021 var haldin námsstefna á Húsavík þar sem fulltrúar allra lögregluembættu fóru yfir stöðu aðgerðastjórna á landsvísi, aðstöðu, aðbúnað ásamt þekkingu og þjálfun. Á haustdögum 2021 voru öll lögregluumdæmi heimsótt af fulltrúum almannavarnardeildar, til fundar við lögregluþing, fulltrúa almannavarnarnefnda, sveitastjórna og viðbragðsaðila. Fram fór sérstök kynning á stöðu mála er varða aðgerðastjórnir og fyrirhuguð verkefni því tengt. Í dag eru starfræktar fjórar fullbúnar og uppsettar aðgerðastjórnir, á Höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Nýjasta stöðin var tekin í notkun í september á Suðurnesjum. Unnið er að uppsetningu og formfestu á aðgerðarstjórnnum annarra umdæma. Vorið 2022 verða gefin út fyrstu drög að handbók fyrir aðgerðarstjórnir sem skilgreinir nauðsynlega þætti aðgerðastjórna, sbr. búnaði, aðstöðu, mönnun, virkni og þjálfun aðgerðastjórna. Stefnt er að fyrir árslok 2022 verði fullbúnar og samræmdar aðgerðastjórnar starfræktar í öllum umdæmum.</p>		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður og neyðarþjónusta		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-031 – Almannavarnir í héraði - almannavarnarnefndir og aðgerðastjórnir		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð / úrbætur á starfsemi almannavarnarnefnda og aðgerðastjórna í héraði. Sjá VEL-02, VEF-22, NOV-21, NOE-31, AUS-14, SUL-12, SUN-10, HÖF-15		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Ríkislögreglustjórnin Almannavarnardeild (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, öll landshlutasamtök, Ríkislögreglustjóri/Almannavarnardeild.	Í samræmi við ákvæði um hlutverk almannavarna í vernd almennings og samfélagsinnviða í Löggæsluáætlun 2019-2023.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Yfirfara reglur um starfsemi almannavarnarnefnda, skipun í nefndir, aðgerðastjórna, aðild viðbragðsaðila að nefndum, starfsmann nefnda, aðgengi að fjarskiptabúnaði (TETRA) og lágmarks öryggisbúnaði (skilgreina grunnpakka). Skýra hlutverkaskiptingu almannavarnarnefnda og aðgerðastjórna. Skýra verklag og markmið um starfsemi, virkjun og æfingar almannavarnarnefnda og aðgerðastjórna. Skilgreina hlutverk vettvangsliða. Tryggja að í fámennum bæjarfélögum sé ávallt aðili með það hlutverk að taka forystu í viðbrögðum til staðar. Sjá til þess að í byggðakjörnum sé ávallt lágmarksfjöldi viðbragðsaðila til staðar/eða hægt að flytja á staðinn á skömmum tíma, einangrist byggðin.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	26-50%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Í ljósi þess að stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum um almannavarnir nr. 82/2008 (mál 622 á 151. Löggjafarþingi 2020-2021) náði ekki fram að ganga hefur þetta verkefni ekki fengið framgang sem skyldi. Stefnt er að því að hefja verkefni aftur sem fyrst og ljúka við fyrsta tækifæri. Á haustdögum var ráðinn verkefnastjóri til að annast framgang þessa verkefnis. Innra skipulagi almannavarnardeildar hefur verið breytt, m.a. í þeim tilgangi að efla samstarf og upplýsingaskipti við almannavarnarnefndir landsins. Á haustdögum 2021 voru öll lögregluumdæmi, nema umdæmin í Vestmannaeyjum og á höfuðborgarsvæðinu, heimsótt af fulltrúum almannavarnardeildar. Á fundunum voru auk fulltrúa lögregluþingvalda, til fundar við lögregluþingvalda, fulltrúar almannavarnarnefnda, sveitastjórna og viðbragðsaðila. Fram fór sérstök kynning á stöðu mála er varða aðgerðastjórnir og fyrirhuguð verkefni því tengt. Verkefnið er unnið í samvinnu við LAN-023, aðstaða aðgerðastjórna í héraði. Samráðsfundum með umdæmunum í Vestmannaeyjum og á höfuðborgarsvæðinu var frestað og verða þeir haldnir fljótlega eftir áramót 2022.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður og neyðarþjónusta		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-085a – Samhæfing viðbragða innan sveitarfélaga í vá - félagsþjónusta/áfallahjálp		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð og samhæfing á viðbragðsáætlunum sveitarfélaga, sjá VEL-45a, VEF-67a, NOV-55a, NOE-72a, AUS-51a, SUL-47a, SUN-37a, HÖF-37a		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Sveitarfélög (Innviðaráðuneytið)	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir: átakshópur kafli 1.5, Rauði kross Íslands landshlutasamtök SASS, FV.	Í samræmi við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og ákvæði um hlutverk almannavarna í vernd almennings og samfélagsinnviða í Löggæsluáætlun 2019-2023.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Yfirfara efni viðbragðsáætlana og samræma áætlanir mismunandi viðbragðsaðila. Nauðsynlegt þykir að skilgreina hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga á tímum samfélagslegra áfalla sérstaklega í lögum um almannavarnir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bæði sem bráðþjónustu (áföll, einangrun) og sem langtímaúrvinnslu samfélagslegra áfalla. Yfirfara samskipti RKÍ (1717) og SST. Sjá einnig VEL-45a, VEF- 67a, NOV-55a , NOE-72a, AUS-51a, SUL-47a, SUN-37a, HÖF-37a. Þessu verkefni fylgja önnur verkefni í öllum landshlutum í samstarfi við almannavarnir (LAN-031). Skoðað verði hvernig taka má með í viðbragðsáætlanir hvernig sé hægt að útvega fólki lyf í bæjum þar sem ekki eru apótek og byggðarkjamar geta einangrast vegna ófærðar.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Ekki hafin		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Sama staða og við áramót 2020/2021. Aðgerðin hefur verið skráð í málaskrá ráðuneytisins og kemur til skoðunar við næstu endurskoðun á lögum um félagsþjónustu. Ekki liggur fyrir hvenær sú endurskoðun fer fram . Hvað varðar skilgreiningu á hlutverki félagsþjónustu sveitarfélaga á tímum samfélagslegra áfalla í lögum um almannavarnir (sjá LAN-130 um almannavarnir í héraði og LAN-026 um skipulag almannavarna).		



### 1.5.4 Fræðsla/upplýsingar til almennings

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-042 – Skipulag-Öryggisþjónusta RÚV		
<b>Lýsing</b>	Endurmeta fyrirkomulag nauðsynlegrar öryggisþjónustu RÚV		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	RÚV (Menningar- og viðskiptaráðuneytið)	Menningar- og viðskiptaráðuneytið (Menningar- og viðskiptaráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, landshlutasamtök, RÚV.	Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Í lögum um Ríkisútvarpið kveður á um að Ríkisútvarpið skuli í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Fram komu ábendingar um að upplýsingar RÚV hefðu ekki skilað sér til almennings eða almenningur ekki getað nýtt sér þær vegna raforkuskorts. Einnig komu fram ábendingar um að útvarpsendingar annarra útvarpsstöðva náist/hafi náðst á svæðinu þar sem RÚV sendingar náðust ekki. Athuga þyrfti því einnig skyldur annarra útvarpsstöðva gagnvart upplýsingamiðlun í neyð og þann möguleika að í neyð sé unnt að senda sömu skilaboðin til almennings á öllum útvarpsstöðvum samtímis, hvort sem er með samtengdum rásum eða á annan hátt. Þegar liggja fyrir athuganir RÚV á möguleikum á að fara úr LW yfir í FM sendingar, sjá LAN-046.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Haldinn hefur verið fundur með hluteigandi aðilum samanber samning RÚV við Mennta og menningarmálaráðuneyti (nú MVF) sem einnig fjallar um sama mál. Skýrslu hópsins um tillögu að framtíðar öryggisþjónustukerfi verður skilað til ráðuneytisins á fyrsta ársfjórðungi 2022.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-046 – Öryggisþjónusta RÚV		
<b>Lýsing</b>	Breyting frá langbylgju yfir í FM - valkostir		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	RÚV (Menningar- og viðskiptaráðuneytið)	Menningar- og viðskiptaráðuneytið (Menningar- og viðskiptaráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu verði þessii valkostur fyrir valinu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2023	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, RÚV.	Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Í lögum um Ríkisútvarpið kveður á um að Ríkisútvarpið skuli í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. RÚV hefur kannað möguleika á að breyta úr LW yfir í FM sendingar út frá þrem valkostum A, B og C (sjá greinargerð). Tekin verði ákvörðun um valkost og kannaðir möguleikar á framkvæmd.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Sjá aðgerð LAN-042. Aðgerð verður lokið með skýrslu til ráðuneytisins á fyrsta ársfjórðungi 2022.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-084 – Upplýsingar/fræðsla til almennings		
<b>Lýsing</b>	Efling á fræðslu/upplýsingum til almennings		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Ríkislögreglustjórinn Almannavarnardeild (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.5, Póst og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa), Ríkislögreglustjóri/Almannavarnardeild, öll landshlutasamtök.	Í samræmi við ákvæði um hlutverk almanna- varna í vernd almennings og samfélagsinnviða í Löggæsluáætlun 2019-2023.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Verkefnið er samvinnuverkefni margra aðila svo sem ríkislögreglustjóra, SL, RKÍ, SL, Samorku, o.fl. Í fárviðrinu kom fram að almenningur á þeim svæðum sem oft verða fyrir raforkuskorti var betur undirbúinn fyrir aðstæður en á öðrum svæðum. Miðla þarf til almennings vitneskju varðandi viðbrögð við vá og hvar unnt sé að nálgast upplýsingar. Taka þarf tillit til ferðamanna í því sambandi. Líta mætti til SafeTravel í því sambandi. Fyrir hendi eru ýmsar upplýsingar á vef almanna- varna, RKÍ og veitna um viðbrögð. Gera þarf þessar upplýsingar sýnilegri fyrir almenning, samræma framsetningu. Mikið er til af góðu aðgengilegu efni sem virðist ekki ná til fólks. Athuga þarf hvaða leiðir má nýta til að ná til almennings. Upplýsa þarf almenning um ýmis viðbrögð t.d. hvað aflagning koparsímakerfis þýðir, viðbrögð við gróðureldum, kólnun í húsum vegna raforkuskorts, o.fl. Mögulegar leiðir til að ná til almennings geta verið: fjölda SMS eða öryggismiðstöðvar (fyrir ferðamenn til að veita upplýsingar um aðstæður, hvað skuli gera og beina þeim áfram í viðeigandi þjónustu), SafeTravel, annað. Almannavarnardeild ætti að vera með upplýsingafulltrúa sem samhæfir upplýsingamiðlun fyrirtækja og stofnanna til almennings (ath. frá almannavarnardeild). Almannavarnir meti upplýsingaþörf almennings, sjá greinargerð Fjarskiptastofu, liður B.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	1-25%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Búið er að ráða verkefnastjóra. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2022. Nú er verið að fara yfir þann texta sem er þegar inni á heimasíðu Almanna- varna og aðlaga hann að hlutverki og verkefnum Almanna- varna og þessa verkefnis. Á fyrri hluta næsta árs verður vefur Almanna- varna endurskrifaður, bæði texti og útlit. Skoðað verður hvort skipta þurfi út vefumsjónarkerfinu sem er í notkun, í samræmi við vinnu/verkefni sem hafið er vegna vef Ríkislögreglustjóra. Markmið vinnunnar er að útbúa og samræma sérstakar undirsíður sem hægt verður að setja upp á skjótan hátt þegar t.d. eldgos, jarðskjálftar eða önnur náttúruvá verður. Með því á almenningur auðveldara með að nýta sér vefinn og auðveldara verður fyrir Almanna- varnir að koma upplýsingum út til almennings hratt og örugglega.		



### 1.5.5 Ofanflóðamálefni

Innviður -/ nánar	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-037 – Ofanflóðamálefni		
Lýsing	Endurskoðun á hættumati m.t.t. snjóflóðanna á Flateyri í janúar 2020		
Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun	Ofanflóðasjóður (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu til Ofanflóðasjóðs
Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð	2020-2020	Í vinnslu hjá Flateyrarnefnd	Skammtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, landshlutasamtök FV, Veðurstofa	Skv. lögum um Veðurstofu Ísland um að vinna hættumöt vegna náttúruhamfara	
Skýring - tillaga - staða	Mikilvægt er að læra af reynslunni af varnargörðunum á Flateyri eftir snjóflóðið í janúar og draga lærdóm m.a. vegna mögulegra endurbóta á hættumati og varnarmannvirkjum. Megin tilgangur varnarmannvirkja er að verja byggð, en fram kom ábending um þörf á vörnum atvinnumannvirkja svo sem hafna, sem eru undirstaða atvinnulífs og búsetu í mörgum byggðarlögum. Tengist aðgerð LAN-034.		
Framvinda við áramót 2021/2022	76-99%		
Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022	Unnið er að frumathugun endurbættra varna á Flateyri og áætlað að þeirri vinnu ljúki í lok árs 2021/upphafi árs 2022 og unnið er að almennri endurskoðun á hættumati vegna snjóflóða á vegum Veðurstofu (sjá LAN-034). Þessi vinna hefur reynst tímafreakari en áætlað var.		

### 1.5.6 Landhelgisgæsla

Innviður -/ nánar	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Allir þættir		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-041 – Skip Landhelgisgæslunnar		
Lýsing	Þarfagreining og ákvarðanir hvað varðar skipakost LHG til framtíðar		
Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun	Landhelgisgæslan (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Í fjármálaáætlun
Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð	2020-2021	Á áætlun	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Landhelgisgæslan	Í samræmi við áherslur í landhelgisgæsluáætlun 2018-2022	
Skýring - tillaga - staða	Í dag eru tvö skip í rekstri, sem eru að jafnaði á sjó hálf t. árið hvort um sig, og ein áhöfn á hvoru skipi. Viðbragðstími getur því verið allt að 48 klukkustundir eftir staðsetningu skipsins en skilgreind lágmarks viðbragðsgeta samkvæmt Landhelgisgæsluáætlun er 24 klukkustundir. Það er mat Landhelgisgæslunnar að til að ná lágmarksviðbragðstíma þurfi að fjölga áhöfnum varðskipa og vera með tvær áhafnir á hvoru skipi. Þannig væri hægt að vera að jafnaði með tvö skip á sjó hverju sinni. Sjá LAN-003. Það er mat Landhelgisgæslunnar að endurnýja þurfi varðskipið Tý á næstu árum. Landhelgisgæslan hefur sett fram slíkar óskir við undirbúning fjármálaáætlunar (sú áætlun er enn í skoðun og ósamþykkt). Þarfagreining á skipakosti Landhelgisgæslunnar til framtíðar er í vinnslu en væntanleg fljótlega.		
Framvinda við áramót 2021/2022	1-25%		
Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022	Þess er vænst að DMR kynni niðurstöður þarfagreiningar sem unnin var 2021 fyrir LHG og rædd verði framtíðarsýn og sameiginleg markmið. Nýtt varðskip kom til landsins í byrjun nóvember 2021, í stað eldra skips sem er bilað.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-045 – Þyrluáhafnir Landhelgisgæslunnar		
<b>Lýsing</b>	Fjölga í þyrluáhöfnum LHG, þ.a. LHG hafi 7 áhafnir		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Landhelgisgæslan (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Í fjármálaáætlun
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2022	Á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: Kaffli 1.5 greinargerð átakshóps, greinargerð Landhelgisgæslunnar, landshlutasamtök SSA	Í samræmi við áherslur í landhelgisgæsluáætlun 2018-2022. Verkefni er í vinnslu hjá dómsmálaráðuneyti í samræmi við Fjármálaáætlun 2020-2024	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Unnið er að fjölgun þyrluáhafna Landhelgisgæslunnar og verða 6 áhafnir í ár (2020). Samkvæmt núgildandi fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að þeim fjölgi í 7 árið 2021. Landhelgisgæslan hefur þó lagt til að 7. áhöfn verði frestað um eitt ár, til ársins 2022, en skipsáhöfnum þess í stað fjölgað um eina árið 2021. Þá mætti greina til framtíðar hvort staðsetja megi þyrlu utan höfuðborgarsvæðisins.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	26-50%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Verkefnið er í bið vegna skorts á fjármagni. Vegna Covid-19 var fjármagn til áframhaldandi fjölgunar þyrluáhafna fellt niður og enn vantar 7.þyrluáhöfnina.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Orkukerfi – Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-065 – Varaafli-Skipulag-Uppbygging		
<b>Lýsing</b>	Ákvarðanataka um búnaður fyrir landtengingu varðskipsins Þórs, sem varaafli fyrir byggðarlög		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Orkustofnun (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Ákvarðanataka innan útgjaldaramma / búnaður kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kaffli 1.5, Landhelgisgæslan, Ríkislögreglustjóri/Almannavarnadeild	Í samræmi við áherslur í landhelgisgæsluáætlun 2018-2022	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Málefnið hefur verið í umræðu í nokkur ár. Áhöld um það hver eigi að eiga búnaðinn, Landhelgisgæslan eða dreifiveita. Varðskip ekki traustur varaaflegjafi - getur þurft að fara til brýnna verkefna. Vænlegra að nýta skipið til flutnings á færanlegu varaafli fyrir veitufyrirtæki. Mætti bíða með þetta þar til hafnir eru tilbúnar fyrir raftengingu skipa vegna Orkuskipta. Frétt (2020-02-10) um að varðskipið hafi verið í Grindavík og að tenging við dreifistöð HS veitna í landi hafi verið æfð. Það er mat Landhelgisgæslunnar að dreifiveitufyrirtækin eigi að eiga og viðhalda þessum búnaði. Varðskipið er með strengjabúnað frá Dalvík um borð en fara þarf yfir skil hans.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Í undirbúningi		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Aflað hefur verið upplýsinga um forsögu aðgerðarinnar (veitufyrirtæki og LHG) og tengingu þess við núverandi kaup Landsnets á varaafli (LAN-064), sem og vinnu Staðlaráðs vegna Verkefnið verður sett í eftirfarandi farveg: (A) Orkustofnun hefur samband við LN og LHG vegna fyrirkomulags flutnings á varaaflostöðvum LN í neyð með varðskipi á áfangastað. (B) Orkustofnun fer yfir mögulega tengingu við núverandi vinnu Staðlaráðs vegna landtenginga skipa í höfnum. (C) Orkustofnun hlutast til um samvinnu milli veitufyrirtækja og LHG, um kostun og staðsetningu á búnaði í varðskipinu Þór til landtengingar (spennir og tengibúnaður).		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-093 – Flugvél Landhelgisgæslunnar		
<b>Lýsing</b>	Tryggja rekstur flugvélar Landhelgisgæslunnar á Íslandi		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Landhelgisgæslan (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Í fjármálaáætlun
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2021-2024	Í vinnslu/á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Landhelgisgæslan	Í samræmi við landhelgisgæsluáætlun 2018-2022. Verkefni er í vinnslu hjá dómsmálaráðuneyti í samræmi við Fjármálaáætlun 2020-2024.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Til að tryggja lágmarks löggæslu og björgunargetu á hafinu við Ísland er mikilvægt að flugvélin sé til taks á Íslandi allt árið. Í tekjuöflunarskyni hefur flugvélin verið í verkefnum erlendis hluta úr ári frá árinu 2010. Samkvæmt núgildandi fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að auknu rekstrarfé verði veitt til Landhelgisgæslunnar til að gera stofnuninni kleift að auka viðveru vélarinnar á Íslandi frá og með 2021 og enn frekar frá og með 2022. Í fjármálaáætlun kemur fram „rekstur flugvélar verði tryggður á Íslandi 90% ársins með þremur áhöfnum.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Í bið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Aðgerðin er í bið vegna skorts á fjármagni.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Orkukerfi – Jarðefnaeldsneyti		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-094 – Aðgengi að þyrlueldsneyti		
<b>Lýsing</b>	Gera greiningu á því hvar þyrlueldsneyti fyrir vélar Landhelgisgæslunnar ætti að vera staðsett og taka ákvörðun um að tryggja aðgang að eldsneyti í öllum landshlutum		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Landhelgisgæslan (Dómsmálaráðuneytið)	Dómsmálaráðuneytið (Dómsmálaráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2021	Í vinnslu	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Landhelgisgæslan	Í samræmi við áherslur í landhelgisgæsluáætlun 2018-2022	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Mikilvægt er að tryggja að Landhelgisgæslan hafi aðgengi að þyrlueldsneyti meðfram ströndum landsins. Samhliða samdrætti í innanlandsflugi (fækkun flugvalla í rekstri) hefur dregið úr aðgengi Landhelgisgæslunnar að þyrlueldsneyti, t.d. hefur afgreiðslu þyrlueldsneytis verið hætt á Siglufirði, Þórshöfn og Neskaupstað. Landhelgisgæslan hefur brugðist við þessu með því að setja tunnur með eldsneyti á Þórshöfn á Langanesi og í Hrauneyjum. Olíufélögin hafa rætt þann möguleika að hætta afgreiðslu eldsneytis á Rífi, Höfn og Vestmannaeyjum. Áætlanaflugfélög sem nýta suma þessa flugvelli fylli ekki á eldsneyti þar og þ.a.l. er Landhelgisgæslan nánast eini viðskiptavinurinn. Allir þessir flugvellir eru mjög mikilvægir fyrir Landhelgisgæsluna vegna þjónustu við landsmenn og sjófarendur. Verði frekari samdráttur á þjónustu olíufélaganna þurfa stjórnvöld að bregðast við til að tryggja Landhelgisgæslunni eldsneyti á lykilstöðum hringinn í kringum landið.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Í bið		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Málið verður tekið til skoðunar í upphafi árs 2022 í tengslum við vinnu við fjármálaáætlun komandi ára.		





### 1.5.7 Veðurstofa

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-030 – Fjarskipti vöktunarbúnaðar Veðurstofu		
<b>Lýsing</b>	Kortlagning samskiptaleiða fyrir stöðvanet		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Innan tekjuramma / Tvöföldun kallar á fjárveitingu, þ.e. fjárfestingu og rekstrarheimild / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2025	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Skv. lögum um Veðurstofu Ísland um að annast vöktun vegna náttúruvár	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Megin fjarskiptaleiðir mælistöðva Veðurstofunnar eru um dreifikerfi sjálfstæðra fjarskiptafyrirtækja. Þó bilun í einstaka fjarskiptastöð hafi jafnan ekki víðtæk áhrif þar sem þéttleiki þeirri er mikill, þá getur slík bilun haft veruleg áhrif í dreifðum byggðum. Veðurstofan getur við slíkar aðstæður misst samband við einstaka stöðvar, en í verstu tilfellum við fjölda stöðva á stórum svæðum. Það væri full ástæða til að leggja vinnu í það að kortleggja hvernig stöðvarnar tengjast inn á dreifikerfið og hversu háðar þær eru einstaka fjarskiptastöðvum. Tryggja þarf að varaleiðir séu tilstaðar. Sjá minnisblað VÍ, liður 3, samantekt.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Skýrsla hefur verið tekin saman og verður hún gefin út fyrir lok desember 2021. Verkefninu lýkur þó ekki að fullu fyrr en sumarið 2022 þegar mælingar á sendistyrk og könnun á mögulegri mögnun fyrir allar mælistöðvar líkur. En þær mælingar eru framkvæmdar í eftirlitsferðum á mælistöðvarnar en um þriðjungur stöðva er vitjað á ári		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-032 – Vél- og hugbúnaðarkerfi Veðurstofu		
<b>Lýsing</b>	Styrking vél- og hugbúnaðarkerfa fyrir netkerfisinnviði (kjarnakerfi)		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu, þ.e. fjárfestingu og rekstrarheimild / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2022	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Skv. lögum um Veðurstofu Ísland um að annast vöktun vegna náttúruvár	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Uppfæra og endurskipuleggja upplýsingatækni Ví til að takast á við nýjar áskoranir varðandi náttúruvárvöktun, m.a. gríðarlega aukningu gagna sem Ví ber skylda til að taka á móti, varðveita og miðla. Þetta fellur einnig undir markmiðið sem er nefnt í aðgerð LAN-044. Styrking netkerfisinnviða innan upplýsingatækni til að bæta rekstraröryggi mæli- og úrvinnslukerfa. Styrking kjarnakerfa innan upplýsingatækni til að bæta rekstraröryggi kjarnasviða. Styrking hugbúnaðarkerfa innan upplýsingatækni til að bæta vöktun náttúruvár. Þróa miðla Veðurstofunnar þannig að þeir mæti kröfum um nútímalega framsetningu og bætt upplýsingagildi.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	51-75%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Verkefnið um endurnýjun á afritunarkerfinu er lokið. Stefnt er að því að ljúka við útistandandi þætti, sem varða virkni og rekstraröryggi upplýsingagátta í verkefninu um uppfærslu rekstrarumhverfis stafrænnar miðlunar, í byrjun næsta árs. Verkefnið um VMWare hefur gengið hægt, m.a. vegna breytinga í mannafla hjá Ví og hjá birgjum. Vinna við hönnun netarkitektúrs er hafin og fyrstu lagfæringar hafa verið framkvæmdar. Gengið verður frá fjárfestingum í kjarnainnviðum s.b. VMWare og frekari kjarnabúnaði í byrjun árs 2022. Vegna þeirra tafa sem orðið hafa lýkur því ekki fyrr en fyrri hluta næsta árs (2022). Til framtíðar litið er nauðsynlegt að gera ráð fyrir fjárveitingum til Veðurstofunnar fyrir áframhaldandi uppbyggingu og rekstrarkostnaði UT innviða og nægjanlegs mannafla til að sinna kerfinu.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-034 – Mat á náttúruvá		
<b>Lýsing</b>	Hættu- og áhættumat vegna náttúruvá - mönnun		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu/ Ofanflóðasjóður að hluta
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Skv. lögum um Veðurstofu Ísland um að vinna hættumöt vegna náttúruhamfara	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Veðurstofan vinnur nú að hættu- og áhættumati þar sem það á við fyrir ofanflóð, eldgos, vatnsflóð og sjávarflóð. Miðað við umfang og stöðu verkefna og fjárveitingarramma Veðurstofunnar og fjárveitingarskorður þær sem Ofanflóðasjóður býr við, má gera ráð fyrir að þeim verkefnum ljúki 2030-2040. Æskilegt er að þessari vinnu verði lokið fyrir, sem kallar á viðbótar sérfræðinga. Enn á eftir að hefjast handa við fleiri verkefni sem falla undir náttúruvá, og er ekki hægt að byrja á fyrr en trygg fjármögnun þeirra liggur fyrir. Á það við um jarðskjálfta, gróðurelda, hafis, loftslagsbreytingar, geimgeislun, og flóðbylgjur en þó er rétt að taka fram að reynt verður eftir bestu getu að taka þennan þátt undir sjávarflóðahættumatið sem er í vinnslu, sjá minnisblað VÍ liður 7.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið fyrir áramót 2020/2021		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>			

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-035 – Mælibúnaður Veðurstofu		
<b>Lýsing</b>	Styrking og fjölgun mælibúnaðar, vatnshæð, veður og jarðeðlismælar og rekstur þeirra		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu, þ.e. fjárfestingu og rekstrarheimild / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2025	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Skv. lögum um Veðurstofu Íslands um að annast mælingar á veðri og veðurtengdum þáttum, vatni (þ.m.t. rennsli, vatnshæð) og hvers kyns jarðhræringum	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Veðurstofan stendur frammi fyrir nauðsynlegri styrkingu og fjölgun á mælabúnaði fyrir vatna-, veður- og jarðskjálftakerfið og til reksturs þeirra. Er það bæði til að auka getu rauntímavöktunar en ekki síst til að geta tekist á við nauðsynlegar tækniframfarir sem orðið hafa á undanförunum áratugum. Nú er svo komið að framleiðendur mælabúnaðar og fjarskiptafyrirtæki styðja ekki lengur við sumt af þeim mælabúnaði sem Veðurstofan er með í rekstri, sjá Minnisblað VÍ, liður 7.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Unnið er skv. áætlun fyrir árið 2021. Kaup á búnaði fyrir veðurstöðvar og vatnshæðarmæla er lokið og er nú unnið að uppsetningu. Vegna ítrekaðra náttúruváratburða (árið 2021) og COVID-19 hafa orðið tafir á kaupum og uppsetningu á búnaði fyrir jarðskjálftamælistöðvar, en það er komið í vinnslu. Reikna má með að styrking mælibúnaðar skv. áætlun ársins 2021 ljúki öðru hvoru megin við áramótin 2021/2022.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-038 – Rafvæðing vöktunarbúnaðar Veðurstofu		
<b>Lýsing</b>	Styrking rafvæðingar mælistöðva		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu, þ.e. fjárfestingu og rekstrarheimild / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2025	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Skv. lögum um Veðurstofu Ísland um að annast vöktun vegna náttúruvár	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Tryggja þarf örugga tengingu rafmagns fyrir mælistöðvar VÍ. Lausnin felst að hluta til í styrkingu dreifikerfis raforku með strengvæðingu (LAN-052,053), styrkingu mikilvægra fjarskiptastaða (LAN-011) sem og uppbyggingu vararafstöðva fyrir lykil mælubúnað sem Veðurstofan rekur til að tryggja aðgengi að nauðsynlegum gögnum þrátt fyrir rafmagnstruflanir, sjá minnisblað VÍ liður 2,3.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Þrjár díselrafstöðvar voru keyptar 2020. Þær verða settar upp við veðursjárnar á Miðnesheiði (lok áætlun áramót 2021/2022), Miðfelli (verður endurnýjuð 2022) og við fyrirhugaða staðsetningu á Hrauni á Skaga (verður sett upp 2022). Í ljós hefur komið að byggja þarf skýli yfir díselrafstöðvarnar sem settar verða upp við veðursjárnar á Miðfelli og á Hrauni á Skaga. Fyrirmynd skýlanna verður fengin frá Neyðarlínunni. Mikilvægt er að verja díselrafstöðvarnar fyrir óveðrum á þessum stöðum og er það hluti af því að tryggja órofna gagnastrauma frá veðursjárnunni til Veðurstofunnar. Stofnunin mun því nýta hluta þess fjármagns sem fékkst í LAN-038 í þessa framkvæmd. Sú endurnýjun sem nauðsynleg er á sólar-/vindrafstöðvum og geymasettum verður tekin af öðrum rekstrarkostnaði mælakerfa Veðurstofunnar.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-039 – Rekstur mælibúnaðar og aukin vöktun Veðurstofu		
<b>Lýsing</b>	Rekstur mælibúnaðar, veðursjár og snjóflóðamat sjá LAN-003 - mönnun		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu, þ.e. rekstrarheimild / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Sjá LAN-003. Skv. lögum um Veðurstofu Ísland um að annast mælingar á veðri, veðurtegnnum þáttum, vatni (þ.m.t. rennsli, vatnshæð) og hvers kyns jarðhræringum	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Gera þarf ráð fyrir 1 sérfræðingi til viðbótar þegar fjórða veðursjárnin verður komin í notkun 2024, þar sem ekki er gert ráð fyrir rekstri í fjárfestingakostnaði (LAN-044). Þörf er á 2 stöðugildum sérfræðinga vegna snjóflóðaeftirlits og fræðslu, sem og 2 50% stöðugildum snjóathugunarmanns. Þörf er á 1 stöðugildi vegna aukinnar vöktunar mælibúnaðar. Sjá minnisblað VÍ, liður 7.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	Lokið fyrir áramót 2020/2021		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>			



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-044 – Búnaður Veðurstofu		
<b>Lýsing</b>	Veðursjárkerfi - uppbygging		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu /alþjóðaflugið, þ.e. fjárfestingu og rekstrarheimild / Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2030	Á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: áttakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Sbr. áherslur stjórnvalda um uppbyggingu landskerfis veðursjáa til vöktunar á veðri, ofanflóðum, vatnsflóðum, eldgosum	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Bætt vöktun náttúruvár með því að stytta viðbragðstíma vegna náttúruvár og bæta rekstraröryggi vöktunarkerfa. Uppbygging í nokkrum skrefum: 1. Endurnýjun veðursjár á Keflavíkurflugvelli (KEF) 2020 2. Endurnýjun á veðursjá á Fljótsdalsheiði (EGS) á árinu 2021 3. Ný veðursjá (TIN) sett upp á Norðurlandi 2022 4. Ný veðursjá (BOL) sett upp á Vestfjörðum 2024. 5. Ný veðursjá (KLA) sett upp á Suðausturlandi (í stað einnar X-band veðursjár)2027. 6. Ný veðursjá (MEL) sett upp á Melrakkasléttu 2030. Þegar uppbyggingu veðursjárkerfisins er lokið mun heildarkerfið innihalda sex fastar C-band veðursjár og eina færanlega X-band veðursjá, sem nýta á til eldgosavöktunar í háupplausn		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Verkefnið gengur skv. áætlun ársins 2021. Endurnýjun á veðursjónni á Miðnesheiði (nálægt Keflavíkurflugvelli) er lokið. Prófunartímabilinu lýkur nú í desember. Upplýsingar frá nýju veðursjónni birtast nú þegar á vef Veðurstofunnar, en hún skilar mun betri og nákvæmari gögnum, en eldri veðursjónin. Á næsta ári fer fram endurnýjun á veðursjónni á Miðfelli (Fljótsdalsheiði) og uppsetning á veðursjá á Norðurlandi (líkleg staðsetning Hraun á Skaga). Áætlun 2022 er eftirfarandi: Endurnýjun á Miðfelli: FAT lok maí, uppsetning júlí, SAT lok sept 2022, prófunartímabil lok nóv. Ný veðursjá á Norðurlandi: FAT lok júlí, uppsetning sept, SAT lok nóv og prófunartímabil lok jan. 2023.		



<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-106 – Alþjóðlegt samstarf UWC		
<b>Lýsing</b>	Aðild að United Weather Centres (UWC) - Ísland, Danmörk, Írland, Holland		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Veðurstofa Íslands (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2030	Á áætlun	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Sbr. lög um Veðurstofu Íslands og lög um veðurþjónustu. Enn fremur sbr. áherslu UAR um reikninga á veðurspám	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Gæði skammdrægra (0-60 klst.) veðurspáa fyrir afmörkuð svæði aukin og upplýsingagildi meðaldrægra veðurspáa (60-168 klst) bætt. Aðildarkostnaður Veðurstofu Íslands að UWC samstarf Íslands, Danmerkur, Írlands og Hollands um reiknisetur fyrir veðurspárkeyrslur. Setrið verður staðsett á Veðurstofu Íslands. Samstafið tryggir aðgengi Veðurstofunnar að bestu veðurspám og sérþekkingu sem völ er á. Þar með talið spár er varða loftslag, haf og umhverfi sem nýtist í okkar viðvörunum og einnig fyrir hættu- og áhættumat vegna náttúruvá. Aðildargjaldið kemur ekki til með að styrkja innviði sem snúa að upplýsingatækni. Minnisblað VÍ liður 7. Rétt er að geta þess að UWC samstarfið er framhald af samstarfi við dönsku veðurstofuna og opnar möguleika á því að aðrar veðurstofu sjái tækifæri í því að staðsetja ofurtölvur sínar á Íslandi.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	51-75%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Verkefnið er á áætlun. Gengið var frá samningi við framleiðanda ofurtölvu í haust. Breytingar á tölvusal Veðurstofunnar eru langt á veg komnar og lýkur breytingum á kæli- og rafmagnsbúnaði í byrjun árs 2022. Ofurtölvan er væntanleg í byrjun mars 2022 og verður uppsetningu og prófunum lokið í byrjun maí.		



## 1.6 Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi

<b>Innviður -/ nánar</b>	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-088 – Varaafl-Uppbygging		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð á núverandi stöðu varaafis í raforku- og fjarskiptakerfum og mat á þörf fyrir uppbyggingu (dýrahald, birgðahald, framleiðsla, fráveita, vatnsveita). Sjá eftirfylgni: VEL-18, VEF-24, NOV-25, NOE-37, AUS-22, SUL-16, SUN-11, HÖF-17		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Innviðaráðuneytið (Innviðaráðuneytið)	Orkustofnun (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.6, öll landshlutasamtök	Drög að orkustefnu horfa m.a. til orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Í samræmi við niðurstöður greiningar verði gerð áætlun um uppbyggingu varaafis í öllum landshlutum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (nú URN)/Orkustofnun hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Orkustofnunar yfir varaaf í raforkukerfi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (nú HNR)/Fjarskiptastofa hafi eftirfylgni með verkefninu vegna yfirsýnar Fjarskiptastofu yfir varaaf í fjarskiptakerfi. Sjá aðgerðir um yfirsýn LAN-105 og LAN-111.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	26-50%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Upplýsingaöflun var hafin á árinu 2020, en tafir hafa orðið á úrvinnslu vegna Covid-19. Unnið er að yfirferð á upplýsingaöflun og úrvinnslu innan Orkustofnunar. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á öðrum ársfjórðungi 2022. Við breytingar á raforkulögum nr.65/2003 sumarið 2021 var skerpt á eftirlitshlutverki Raforkueftirlits Orkustofnunar með varaafli, sjá breytingu á gr.24.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi – Fráveita		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-123 – Fráveituframkvæmdir 2020-2030		
<b>Lýsing</b>	Framkvæmdir í nýrri fráveituaætlun, sjá VEL-52, VEF-61, NOV-60, NOE-78, AUS-58, SUL-53, SUN-43, HÖF-42		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Sveitarfélög (Innviðaráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu frá ríki og sveitarfélögum
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2021-2030	Áætlanagerð á hendi sveitarfélaga	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.6	Skýrsla vinnuhóps UAR (nú URN), FJR, SRN og Samband íslenskra sveitarfélaga	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Framkvæmdir við fráveitur, þ.m.t. sniðræsi, hreinsivirki, útrásir og hreinsun ofanvatns. Vinnuhópur umhverfis- og auðlindaráðherra, sem í sitja fulltrúar fjármálaráðuneytis, samgöngu- sveitarstjórnarráðuneytis (nú SRN) og Sambands íslenskra sveitarfélaga, er að störfum við útgáfu skýrslu um fyrirkomulag stuðnings ríkisins við sveitarfélög vegna fráveituframkvæmda.		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	1-25%		
<b>Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022</b>	Fyrstu úthlutun styrkja lokið, þ.e. vegna framkvæmda á árunum 2020 og 2021. Unnið er að útgreiðslu styrkja eftir því sem gögn berast frá sveitarfélögum. Auglýst hefur verið eftir umsóknum frá sveitarfélögum vegna framkvæmda á árinu 2022.		



## 1.7 Orkukerfi

Innviður -/ nánar	Orkukerfi – Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-056 – Ferli leyfisveitinga vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku		
Lýsing	Endurhönnun á leyfisveitingaferli vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku. Samræming ferla, einföldun, skilvirkni, o.fl. sjá LAN-003 og LAN-132		
Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun	Ýmsir aðilar (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Kallar á fjárveitingu vegna mönnunar Skipulagsstofnunar
Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð	2020-2021	Flýtt / í vinnslu	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, öll landshlutasamtök	Í samræmi við stjórnarsáttmála og þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku.	
Skýring - tillaga - staða	Fyrir liggja tillögur leyfisveitingahóps um breytingar á ferli leyfisveitinga vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku (sjá heimildir). Hópurinn vinni áfram tillögur að lagatexta. Skoðað verði að taka einnig tillit til framkvæmda vegna annarra innviða svo sem fjarskipta, vega og hafna. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (nú URN) og umhverfis- og auðlindaráðuneyti (nú URN) fylgi aðgerðinni eftir. Tengist einnig LAN-003 vegna mönnunar stofnana.		
Framvinda við áramót 2021/2022	76-99%		
Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022	Frumvarpið var ekki afgreitt sem lög frá Alþingi á vorþingi 2021. Framhald málsins bíður ákvörðunar nýrrar ríkisstjórnar.		

### 1.7.1 Varaafl

Innviður -/ nánar	Orkukerfi – Raforka		
Nr/heiti aðgerðar	LAN-007 – Varaafl- Heildaryfirsýn yfir tiltækt varaafli í raforku		
Lýsing	Kortleggja heildar yfirsýn yfir tiltækt varaafli í raforku		
Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun	Orkustofnun (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð	2020-2021	Nýtt	Langtíma
Ítargögn	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun, öll landshlutasamtök	Í samræmi við drög að orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísu, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir.	
Skýring - tillaga - staða	Um er að ræða varaafli sem til staðar er í flutningskerfi raforku og dreifikerfi raforku, fast og færanlegt. Tilgreina þarf ábyrgðaraðila umsjónar, reglulegrar (árlegrar) uppfærslu og tiltækileika þessara upplýsinga.		
Framvinda við áramót 2021/2022	51-75%		
Lýsing á stöðu við áramót 2021/2022	Kortið hefur nýst eins og til var ætlast á árinu. Møguleiki er að bæta við varaafli frá stærri skipum, en vinna við greiningu á þeim möguleika hófst á árinu samhliða uppbyggingu á frekari raftengingu skipaflotans. Stefnt er að lokaútfærslu kortsins snemma á næsta ári, 2022.		





<b>Innviður -/ nánar</b>	Orkukerfi – Raforka		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-059 – Raforkuöryggi		
<b>Lýsing</b>	Ýmsar grundvallar skilgreiningar á raforkuöryggi og yfirsýn yfir stjórnun varaafls		
<b>Ábyrgð frkv. (ráðuneyti) / Eftirfylgni (ráðuneyti) / Fjármögnun</b>	Orkustofnun (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið)	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / Áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.7, Orkustofnun	Í samræmi við drög að Orkustefnu vegna orkuöryggis heimila og fyrirtækja um land allt, aukins afhendingaröryggis raforku á landsvísi, hvernig treysta megi flutnings- og dreifikerfi raforku, viðbragða við náttúruvá og tengingar við almannavarnir.	
<b>Skýring - tillaga - staða</b>	Gera þarf grein fyrir ýmsum grundvallar skilgreiningum er varða orkuöryggi svo sem hvað er langvarandi rof, hvað er lágmarks þjónusta		
<b>Framvinda við áramót 2021/2022</b>	76-99%		
